



Tennissamband Íslands

Mættir: Helgi, Þrándur, Bragi og Júlíana.

Fundarefni:

1. Viðurkenningarskjöl frá tennisskólanum á vegum Tennishallarinnar, rætt um hvort TSÍ eigi að greiða þau þar sem þau séu í nafni TSÍ. Helgi ræðir við Jónas.
2. Farið yfir reikninga frá Jónasi í Tennishöllinni vegna vallaleigu þar sem strákar u14 kepptu á um daginn, Helgi ætlar að skoða þetta betur með Jónasi.
3. Vefsíða TSÍ: Rætt um hvort 200 þús. Kr. sé ekki hæfileg greiðsla fyrir vefumsjón, en greiðslan hafði verið hækkuð í 300 þús. Kr. Vefinn þarf að uppfæra oft og stjórnarmeðlimir þurfa að koma breytingum til vefumsjónarmanns.
4. Stigalisti TSÍ – rætt um hvort það sé til eitthvað kerfi sem hægt sé að nota – skoða Tennis Europe. Sennilega heppilegast að hvorki Raj né aðrir toppspilarar sjái um þann stigalista.
5. Ólympíumót Æskunnar: Anna er að vinna mjög vel með þetta verkefni.
6. Rætt um beiðni Carolu um að TSÍ greiði flugmiða svo hún geti tekið þátt í þjálfaranámskeiði í Egyptalandi, miðinn kostar um 600 þúsund. Tennissambandið mun ekki taka þátt í þeim kostnaði.
7. Davis cup og Fed cup: Helgi ræddi við aðila frá Króatíu (framkvæmdastjóri þróunarmála tennis í Evrópu) varðandi árangur okkar á erlendri grundu og var hann ekki sáttur með gengi Íslands. Hann hefur áhuga á að koma til landsins í september og skoða okkar mál í landsliðsmálum og atvinnumennsku. Hann vill með þeirri heimsókn m.a. efla persónuleg tengsl og vera með námskeið fyrir þjálfara.
8. Rafn Kumar fór til Swiss í gær að keppa en þeir Raj kepptu nýlega í USA á feðgamóti með góðum árangri.
9. Rætt um styrk upp á 250.000 kr. til 20 keppenda sem fara til Danmörku núna í júlí. Reiknað með að styrknum verði dreift af þjálfurum hópsins.
10. Fjölmíðlamál: Helgi talaði við Rúv vegna beinnar útsendingar frá úrslitaleikjum í karla og kvennaflokki. Mikil mannekla þar vegna sumarleyfa. Helgi mun ræða við þá um að koma frekar og taka upp leikina og sýna ekki í beinni útsendingu heldur í íþróttapætti og fréttum daginn eftir.
11. Landsliðsmál:
 - a. Hefur ekki verið landsliðsþjálfari í langan tíma og mun TSÍ ekki hafa efni á að ráða einn sem slíkan. Tillaga kom um að fá tvo til þrjá þjálfara til að halda utan um æfingar þeirra spilara sem eru komnir langt og farnir að keppa um sæti í landsliðinu.
 - b. Aðalstjórn TSÍ mun sjá um val á landsliði og setja um það skýrar reglur, en njóta ráðgjafar frá þjálfaranefnd.
 - c. Stigalistinn verður notaður til viðmiðunar inn í landsliðsæfingar.
12. Tennismenntaskóli: Komið hefur boð um að senda bestu ungmenni Íslands í tennis í tennisskóla á Spáni. Þetta virðist vera kostaboð og verður kynnt á vef tennissambandsins (Helgi kemur upplýsingum til Rakelar).

Næsti fundur: 27. júlí kl. 20:00